

65
25. sept.

REGLUGJÖRD

fyrir

stýrimannaskólann í Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík, er hjermeð sett eftirfarandi reglugjörð fyrir skólann.

I.

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá kunnáttu, er þarf til að standast fiskimannapróf og farmannapróf.

2. gr.

Skólinn er í tveim deildum, eins árs fiskimannadeild og tveggja ára farmannadeild.

II.

Um kenstluna.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: Siglingafræði, íslensku, dönsku, ensku, sjórjett, heilsufræði, bókhald og viðskiftafræði.

4. gr.

Reglur um það, hverju takmarki kenstlunni er ætlað að ná í hverri grein, setur ráðuneytið síðar.

III.

Um inntöku nemenda og burtför úr skóla.

5. gr.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur eigi fengið eftir að kensla er byrjuð.

Í fiskimannadeild má enginn vera lengur en 2 vetur og í farmannadeild eigi lengur en 3 vetur.

Úr neðri bekk farmannaeildar má leyfa nemendum að fara seinni part vetrar, vegna brýnna ástæðna, en þó eigi fyrir 1. febrúar.

6. gr.

65

Inntökubeiðni skal vera skrifleg og sendast forstöðumanni skólans ásamt 25. sept. vottorðum um þau atriði, er um getur í 7. gr. og vottorð um siglingatíma samkvæmt 8. og 9. gr.

7. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem staðan heimtar.
2. Að kunna sund.
3. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
4. Að hafa óspilt mannorð.
5. Að vera eigi yngri en 19 ára.

Um öll þessi inntökuskilyrði skal leggja fram vottorð eins og krafist verður.

8. gr.

Til þess að verða tekinn í fiskimannadeild skólans verður innsækjandi að leggja fram vottorð um það, að hann hafi siglt eins lengi og gildandi lög um atvinnu við siglingar mæla fyrir, til að geta orðið stýrimaður á fiskiskipi í utan- og innanlandssiglingum. Innsækjandi verður að ganga undir próf, er sýni, að hann hafi þá kunnáttu, er hjer segir:

1. Hann verður að geta lesið íslensku skýrt og áheyrilega, auðvelt óbundið mál, og geta sýnt, að hann skilji efni þess, sem hann les. Hann á og að geta skrifað sémilega, ritvillulítið, og svo, að lesmerki sjeu nokkurnveginn rjett sett, annaðhvort eftir upplestri eða endursögn.
2. Hann verður að kunna fjórar aðalgreinir reikningsins með heilum tölum, almennum brotum og tugabrotum, hlutföll talna, veldi og rót og helstu grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar.
3. Innsækjandinn verður að geta lesið dönsku með nokkurnveginn framburði, í lausu máli, og lagt hana út, og geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er sjómensku snertir.
4. Hann verður að kunna eins mikið í ensku og krafist er í dönsku.

9. gr.

Til þess að verða tekinn í neðri bekk farmannadeildar verður innsækjandi að leggja fram vottorð um það, að hann hafi siglt eins lengi og gildandi lög um atvinnu við siglingar mæla fyrir til að geta orðið stýrimaður á verslunarskipi í utan- og innanlandssiglingum. Upp á þann siglingatíma má þó vanta alt að 5 mánuði. Innsækjandi verður og að ganga undir próf, er sýni, að hann hafi þá kunnáttu, er hjer segir:

- 65** 1. Hann verður að geta lesið íslensku skýrt og áheyrilega, auðvelt, óbundið
25. sept. mál, og geta sýnt, að hann skilji efni þess, sem hann les. Hann á að þekkja
helstu málfræðilegu hugmyndir og kunna helstu atriði í íslenskri beyginga-
fræði. Ennfremur á hann að geta skrifað allvel, ritvillulítið, og svo, að les-
merki sju nokkurnveginn rjett sett, stutta ritgerð um kunnugt efni.
2. Innsækjandi verður að kunna fjórar aðalgreinir reikningsins með heilum töl-
um, almennum brotum og tugabrotum, hlutföll talna, hlutfallslíkingar, veldi
og rót, og helstu grundvallaratriði flatarmálsfræðinnar.
3. Hann verður að geta lesið dönsku með sæmilega góðum framburði, í lausu
máli, og lagt hana út. Hann skal þekkja hin allra helstu atriði danskrar
beygingarfræði, geta samið fremur ljettan danskan stíl og talað dönsku
sæmilega.
4. Hann verður að kunna eins mikið í ensku og krafist er í dönsku.

10. gr.

Fyrir svör í hverri spurningu skal gefa einhverja af einkunnum þeim,
sem hjer eru taldar, og jafngilda þær tölum þeim, er hjá þeim standa:

prýðilega = 8, ágætlega = 7, ágætlega ÷ = 6, dável = 5, dável ÷
= 4, vel = 3, vel ÷ = 2, laklega = 1, laklega ÷ = 0, illa = ÷ 1, illa
÷ = ÷ 3, afarilla = ÷ 5.

11. gr.

Við inntökupróf skal gefa 4 einkunnir, sem sje:

1 einkunn fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hverri af þessum grein-
um: íslensku, dönsku, ensku og reikningi.

Til þess að standast prófið má meðaleinkunn eigi vera minni en 4.

12. gr.

Nú hefir innsækjandi lokið gagnfræðaprófi, og þarf hann þá eigi að
ganga undir inntökupróf skólans, enda sjeu eigi liðin meira en 3 ár síðan
hann lauk því prófi.

13. gr.

Að fengnum inntökuvottorðum samkvæmt 7.—9. gr. og afloknu inn-
tökuprófi úrskurðar forstöðumaður og kennarar um inntöku í skólann.

IV.

Um kennara skólans.

14. gr.

Kennarar skólans eru: 1. hinir föstu kennarar: forstöðumaður, undir-

kennari í siglingafræði og tungumálakennari; 2. stundakennarar, eftir þörfum, **65**
er ráðuneytið setur. 23. sept.

15. gr.

Kenslustundafjöldi skólastjóra og kennaranna ákveður ráðuneytið.

16. gr.

Eftir atvikum má í samráði við vjelstjóraskólann skifta tungumálakenslu þess skóla og stýrimannaskólans milli tungumálakennara skólanna, þannig, að hvor tungumálakennarinn kenni það eða þau tungumál í báðum skólunum, sem hann er færari í.

17. gr.

Allir kennarar skólans eiga eftir fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann, og láta sjer ant um, að kenstlan nái tilgangi sínum. Þeim ber jafnan að vera komnum í skólann áður en kenslustund þeirra byrjar, og fara tafarlaust í sína kenslustofu, þegar inn er hringt.

V.

Um stjórn skólans.

18. gr.

Forstöðumaður hefir á hendi stjórn skólans undir yfirumsjón ráðuneytisins. Hann skal sjá um, að góðri reglu sje haldið í skólanum, standa fyrir útvegum á öllu, sem skólinn þarfnast, sjá um ræstingu og viðhald á húsa- kynnum úti og inni, og hafa á hendi reikningshald hans. Við hver áramót skal forstöðumaður senda ráðuneytinu aðalreikning með fylgiskjöllum yfir það, sem skólinn hefir brúkað umliðið ár.

19. gr.

Forstöðumaður skal sjá um að í skólanum sjeu eftirtalдар bækur, og að reglulega sje í þær ritað eftir því sem við á: Prófbók, brjefabók, áhaldabók, athuganabók og dagbók.

20. gr.

Að afloknum burtfararprófunum skal forstöðumaður senda ráðuneytinu greinilega skýrslu um ásigkomulag skólans, kensluna og prófin.

VI.

Um nemendur skólans.

21. gr.

Nemendur eiga jafnt í kenslustundum sem utan kenslustunda að sýna kennurum sínum virðing og hlýðni.

22. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kensludegi áður en kensla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda forstöðumanni tilkynning um það, en forstöðumanni ber að grenslast eftir, á hverjum rökum afsaknirnar eru byggðar, sje eigi sent læknisvottorð.

23. gr.

Nemendur skulu ávalt vera siðprúðir og ástundunarsamir, ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu, eða neyta þar matar. Reykingar eru stranglega bannaðar.

24. gr.

Valdi nemandi skemdum á kensluáhöldum, eða öðrum munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

25. gr.

Skyldir eru nemendur að hlýða sjerhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.

26. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi, eða sýni ókurteisi eða óhlýðni, eða sje óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir. Telji kennarar skólans nauðsynlegt að vísa honum burt fyrir fult og alt, skal til þess fengið leyfi ráðuneytisins.

VII.

Um kenslutíma og leyfi.

27. gr.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

28. gr.

65

Á viku hverri skulu í hverjum bekk stýrimannaskólans vera alt að 36^{25. sept.} kenslustundir. Hver kenslustund sje 50 mínútur, en hlje milli kenslustunda 10 mínútur.

Forstöðumaður semur stundatöflu fyrir hvert skólaár, og leggur hana undir úrskurð ráðuneytisins.

29. gr.

Skifting tímans milli námsgreinanna.

Námsgreinar	Fiskim.deild	Farmannadeild	
	stundir á viku	I stundir á viku	II stundir á viku
Siglingafr. (incl. stærðfr.)	22	17	16
Íslenska	4	4	4
Danska	3	3	3
Enska	3	3	3
Sjórjettur	2	2	2
Heilsufræði	1	1	1
Bókhald	1		1
Viðskiftafræði		1	1
Samtals . . .	36	31	31

Einnig er ætlast til, að varið verði alt að 5 stundum á viku í farmannadeild til kenslu í einvjelafraði, og að haldnir verði tveir fyrirlestrar á mánuði í sjóvinnufræði fyrir alla nemendur skólans.

30. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 24. des. til 2. janúar, að báðum þeim dögum meðtöldum. Beri 2. jan. upp á föstudag, skal byrja kensluna næsta mánudag á eftir, en beri 2. jan. upp á sunnudag, skal byrja hana næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag og til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Sumarleyfi, er nær frá afloknum burtfararprófum til 30. september.

Auk þess er forstöðumanni heimilt að gefa leyfi einn dag, þegar honum þykir ástæða til.

65
25. sept.

VIII.

Um skólalækni.

31. gr.

Bæjarlæknirinn er læknir skólans og hefir hann eftirlit með að fyrir-
mælum um hreinlæti og öllu, sem lýtur að almennum heilbrigðisreglum við
skólann, sje fullnægt. Læknir þessi skal og skoða nemendur skólans samkvæmt
32. gr.

32. gr.

Skólalæknirinn skal athuga alla nýsveina skólans, hvort þeir sjeu haldnir
af nokkrum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum
skaðvænn, svo og hvort heyrn og málfæri sje eins fullkomið og nauðsynlegt
er fyrir skipstjóra og stýrimenn.

33. gr.

Ráðuneytið setur reglur um það, hvernig burtfararprófunum skuli hag-
að, og hvað útheimtist til að standast þau; það gefur og út fyrirmynd fyrir
prófvottorðum.

Reglugjörð 28. ágúst 1912 er hjer með feld úr gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 1924.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.

66
25. sept.

VIÐAUKI VIÐ 5. gr. í REGLUM

31. ágúst 1923 um aflífun húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar,
svo og um meðferð á sauðfje og hrossum að ýmsu leyti.

Þegar lömb eru flutt í bílum, skal skifta farrýminu í stíur með hæfi-
lega sterkum milligerðum. Hver stía má ekki vera stærri en svo, að hún taki
fimm lömb að haustlagi, og skal gólfið þakið torfi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. septbr. 1924.

Jón Magnússon.

St. Gunnlaugsson.